

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um kostnað við dagskrárliði í ríkissjónvarpinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er heildarkostnaður og kostnaður sundurliðaður eftir vinnulaunum, verktakagreiðslum og öðrum kostnaði við eftirtalda dagskrárliði í ríkissjónvarpinu:

- a. Kastljós,
- b. Silfur Egils,
- c. Fréttaaukann,
- d. Kiljuna,
- e. fréttir kl. 22?

Ráðherra óskaði eftir upplýsingum frá Ríkisútvarpinu um þau atriði sem fyrirspurnin lýtur að. Meðfylgjandi er svar Ríkisútvarpsins:

Heildarframleiðslukostnaður dagskrárdeildar samanstendur m.a. af samnýtingu á starfsfólki, tækjum, húsnæði og öðrum búnaði sem þarf til framleiðslunnar. Það er því tæknilega erfitt að sundurliða kostnað eða sundurgreina viðbótarkostnað sem verður til við framleiðslu einstakra þátta. Fréttamenn RÚV vinna sem dæmi að framleiðslu fjölmargra fréttu og fréttatengdra þátta, jafnt í útvarpi, sjónvarpi sem á vefnum, og vinna við það á vöktum alla daga ársins. Kostnaður við tíufréttir sjónvarps er tiltölulega lítill viðbótarkostnaður. Samnýting starfsfólks gildir einnig um þá sem koma að gerð annarra innlendra þátta.

Í töflunni hér á eftir má sjá upplýsingar um beinan kostnað við gerð þáttanna sem um er spurt án ýmiss tæknikostnaðar (aðstaða og tæknibúnaður), hlutdeildar í sameiginlegum kostnaði viðkomandi deildar og hlutdeildar í sameiginlegum rekstri RÚV, svo sem húsnæðis, tækjabúnaðar, stoðdeilda og yfirstjórnar auk gjalda sem lenda á félaginu í heild (t.d. fjármagnskostnaður og kostnaður vegna rétthafa).

Kostnaður við gerð þátta, millj. kr.

Dagskrárliður	Samtals á ári
a. Kastljós	130
b. Silfur Egils	14
c. Fréttaaukinn	21
d. Kiljan	24
e. Tíufréttir	22

Ef ákvörðun er tekin um að hætta með einn þátt getur það haft í för með sér að einingaverð á öðrum þáttum hækki.

